

**Samkeppnisráð setur skilyrði fyrir kaupum
Byko hf. og Húsasmiðjunnar hf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf.**

Nýlega fjallaði samkeppnisráð um kaup Byko hf., Húsasmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf. Umrædd kaup eru samruni í skilningi samkeppnislaga og voru þau rannsökuð með hliðsjón af því. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að kaupin styrki markaðsyfirráð Steinullarverksmiðjunnar við framleiðslu og heildsöludreifingu á steinull og skyldum vörum hér á landi. Þá telur samkeppnisráð að sameiginleg eignaraðild Byko og Húsasmiðjunnar að Steinullarverksmiðjunni sé til þess fallin að takmarka samkeppni á milli verslunarfyrirtækjanna tveggja. Sameiginleg aðkoma keppinautanna, Byko og Húsasmiðjunnar, að rekstri Steinullarverksmiðjunnar gæti leitt til samráðs eða samvinnu um verð og aðrar samkeppnishömlur.

Það er mat samkeppnisráðs að ástæða sé til að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja hindri virka samkeppni getur ráðið ógilt samrunann eða sett honum skilyrði. Viðræður á milli fyrirtækjanna sem að framangreindum samruna standa og samkeppnisyfirvalda hafa leitt til þess að málsaðilar eru reiðubúnir að fallast á tiltekin skilyrði vegna kaupanna. Að uppfylltum umræddum skilyrðum telur samkeppnisráð að skaðlegum áhrifum samrunans verði eytt.

Þann 1. mars sl. var undirritaður samningur um kaup Byko, Húsasmiðjunnar og Kaupfélags Skagfirðinga á hlutum ríkisins, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Paroc Group, sem er finnskt fyrirtæki, í Steinullarverksmiðjunni. Fyrir áttu kaupendurnir um 17% hlut í verksmiðjunni. Samkeppnisráð telur að kaupin feli í sér samruna og að sá markaður sem hann hafi áhrif á sé framleiðsla og heildsöludreifing á steinull og skyldum vörum annars vegar og sala verslana á alhliða byggingavörum hins vegar. Steinullarverksmiðjan var markaðsráðandi við framleiðslu og heildsöludreifingu á steinull og skyldum vörum hér á landi og er það mat samkeppnisráðs að kaup tveggja stærstu viðskiptavina á stórum hlut í verksmiðjunni muni styrkja þau yfirráð enn frekar. Hvað svokallaðan alhliða byggingavörumarkað áhrærir er það mat ráðsins að hann sé fákeppnismarkaður þar sem öðrum keppinautum en Byko og Húsasmiðjunni sé vart til að dreifa. Ljóst er að engar aðrar verslanir hér á landi sem bjóða upp á byggingavörur hafa yfir sambærilegu vöruúrvali að ráða og umrædd fyrirtæki. Sú viðskiptalega samvinna sem sameiginlegt eignarhald fyrirtækjanna tveggja á Steinullarverksmiðjunni hefur í för með sér er að mati samkeppnisráðs til þess fallin, að óbreyttu, að takmarka samkeppni þeirra á milli og skapa samráðsvettvang um verð eða aðrar samkeppnishömlur sem fela í sér brot í samkeppnislögum.

Samkvæmt samkeppnislögum getur samkeppnisráð ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Viðræður samkeppnisyfirvalda og forsvarsmanna fyrirtækjanna leiddu til þess að þau voru tilbúin að fallast á tiltekin skilyrði vegna samrunans sem eru efnislega eftirfarandi:

- Hvorki stjórnarmenn, starfsmenn eða eigendur að meira en 1% hlut í Byko annars vegar eða Húsasmiðjunni hins vegar, dótturfélögum þeirra eða fyrirtækjum sem þau

hafa virk yferráð yfir, né nánir ættingjar framangreindra aðila, sitji samtímis í stjórn eða varastjórn Steinullarverksmiðjunnar.

- Öðrum viðskiptavinum Steinullarverksmiðjunnar en Byko og Húsasmiðjuni er tryggður sami aðgangur að framleiðsluvörum fyrirtækisins og eigendunum og að þeir njóti ekki síðri viðskiptakjara en framangreind fyrirtæki að teknu tilliti til umfangs viðskiptanna.

- Þar sem eigendur verksmiðjunnar, þ.m.t. stjórnarmenn, eru jafnframt keppinautar annarra viðskiptavina er sett skilyrði sem tryggir að þeim verði ekki veittar upplýsingar um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina.

Að mati samkeppnisráðs munu framangreind skilyrði auk annarra sem nánar eru tilgreind í ákvörðun ráðsins nægja til að eyða þeim skaðlegu samkeppnislegu áhrifum sem kaupin hefðu annars haft í för með sér.